

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 15. október 2008 kl.: 17:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Mariutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Karl Kristjánsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Ingibjörg Smáradóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Júlía Guðjónsdóttir, Björg Karlsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Karl setti fund og bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

1. Ráðning kennara til að leysa af í fæðingarorlofi. Auglýsingu frestað fram yfir næstu mánaðarmót.
2. Skóladagatal og kennslumagn. Skóladagatal lagt fram og samþykkt.
3. Tónlistarkennsla, samvinna við Dalamenn? Nefndin tekur jákvætt í að ganga til samninga við Dalamenn.
4. Vinnuferli vegna nýrra nemenda frá öðrum sveitarfélögum. Júlía lagði fram drög að vinnureglum vegna móttöku á nemendum frá öðrum sveitarfélögum. Drögin samþykkt.
5. Leikskólinn, húsnæðismál. Ákveðið að boða skólastjóra og leikskólastjóra til viðræðna við hreppsnefnd um mögulega nýtingu núverandi húsnæðis skólans.
6. Starfsmannamál leikskólans. Starfsmannamál rædd.

Til kynningar:

1. Bréf frá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins um eTwinning-áætlun Evrópusambandsins. Kynnt.
2. Bréf dags. 23.sept.2008 frá Menntamálaráðuneytinu um samræmd könnunarpróf í 10. bekk. Kynnt.
3. Bréf dags. 3. sept. 2008 frá Menntamálaráðuneytinu um breytingar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa. Kynnt.

Önnur mál.

1. Lagt til að ráðið verið í hálf starf stuðningsfulltrúa.
2. Stofnun skólaráðs. Beðið er eftir reglugerð um skólaráð.
3. Fyrirspurn um stundaskrá skólans. Júlía gerði grein fyrir henni.
4. Málefni bókasafns. Mikilvægt er að gera ráð fyrir bókasafninu við endurskipulagningu skólahúsnæðis.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:40.

Karl Kristjánsson (sign), Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)
Ingibjörg Smáradóttir (sign), Guðrún Guðmundsdóttir (sign),
Júlía Guðjónsdóttir (sign), Björg Karlsdóttir (sign), Eygló Kristjánsdóttir (sign),
Óskar Steingrímsson (sign)